

**KJARASAMNINGUR**  
**milli**  
**Samiðnar, sambands iðnfélaga**  
**og**  
**Samtaka atvinnulífsins**

**1. gr.**

**Inngangur**

Samningur þessi kemur til viðbótar heildarkjarasamningi SA og aðildarsamtaka ASÍ sem félögin eiga aðild að og fjallar um aðfararsamning, samningstíma, gildistöku, samningsforsendur, afgreiðslu kjarasamninga og önnur sameiginleg mál.

Kjarasamningur þessi felur í sér breytingar og viðbætur við aðalkjarasamning Samiðnar.

**2. gr.**

**Almenn launahækkun**

1.6. 2011: 4,25%.

1.2. 2012: 3,5%.

1.2. 2013: 3,25%.

Aðrir kjaratengdir liðir taka sömu breytingum hlutfallslega á sömu dagsetningum, nema um annað hafi samist.

**3. gr.**

**Kauptaxtar**

Í stað áðurgildandi launataxta koma nýir sem eru hluti samnings þessa, sbr. fylgiskjal. Launataxtar gilda frá 1. júní 2011, 1. febrúar 2012 og 1. febrúar 2013.

**4. gr.**

**Desember- og orlofsuppbót**

Desemberuppbót fyrir hvert almanaksár miðað við fullt starf er:

Á árinu 2011 kr. 48.800.

Á árinu 2011 greiðist sérstakt álag á desemberuppbót, kr. 15.000, nema að ASÍ hafi ákveðið að samningarnir gildi til loka janúar 2012.

Á árinu 2012 kr. 50.500.

Á árinu 2013 kr. 52.100.

Orlofsuppbót fyrir hvert orlofsár (1.maí til 30. apríl) miðað við fullt starf er:

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2011 verði orlofsuppbót kr. 26.900.

Á árinu 2011 greiðist sérstakt álag á orlofsuppbót, kr. 10.000, nema að ASÍ hafi ákveðið að samningarnir gildi til loka janúar 2012.

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2012 verði orlofsuppbót kr. 27.800.

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2013 verði orlofsuppbót kr. 28.700.

5. gr.

**Afgreiðsla kjarasamninga**

Tilkynna skal um afgreiðslu kjarasamninga fyrir kl. 14:00 miðvikudaginn 25. maí.

6. gr.


**Fylgiskjöl**

Í eftirtöldum fylgiskjölum eru bókanir og breytingar á þeim köflum kjarasamningsins sem snerta einstakar starfsgreinar.


- Gerviverktaka
- Bakvaktir
- Orlof starfsmanna án sveinsprófs
- Uppgjör launa og uppbóta
- Bókanir
- Launataxtar 2011 - 2013

Reykjavík, 5. maí 2011

F.h. Samiðnar



F.h. Sámataka atvinnulífsins



## Gerviverktaka

### Inn komi ný grein 1.11. um gerviverktöku

1.11.1 Starfsmenn í skilningi kjarasamnings þessa eru þeir sem ráðnir eru til að gegna störfum undir stjórn atvinnurekenda á umsömdum vinnutíma við úrlausn þeirra verkefna, sem atvinnurekandi mælir fyrir um og á hans ábyrgð.

1.11.2 Starfsmenn skulu fá greidd laun og njóta annarra réttinda í samræmi við ákvæði kjarasamnings þessa.

1.11.3 Verktakasamningum skal ekki beita í stað ráðningar starfsmanna nema í þeim tilvikum sem starfsemi og verkefni það sem til úrlausnar er fellur í megin atriðum að hugtaksskilyrðum „yfirlýsingar um verktakastarfsemi“ sem fylgir kjarasamningi þessum.

1.11.4 Samningsaðilar skuldbinda sig til þess að fylgjast með því að félagsmenn þeirra hafi samningsákvæði þessi í heiðri og að vinnustaðæftirlit sem byggir á lögum nr. 42/2010, um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum, taki einnig til eftirlits með gerviverktöku.

1.11.5 Vísa má meintum brotum á ákvæðum þessa kafla til sérstakrar sáttarnefndar samningsaðila til umfjöllunar ef aðilar sammælast um það, sbr. 2. gr. laga nr. 55/1980, áður en efnt er til málssóknar í Félagsdómi. Nefndin þarf að komast að niðurstöðu innan tveggja vikna frá því að máli er vísað til hennar.

## Bakvaktir

### Grein 2.9. um bakvakt breytist þannig:

Við grein 2.9.4 bætist nýr málslíður: Á almennum frídögum og stórhátíðum skv. gr. 2.4. verður hlutfallið 50%.

Við grein 2.9.5 bætist nýr málslíður: Á almennum frídögum og stórhátíðum skv. gr. 2.4. verður hlutfallið 25%.

Á eftir orðunum „jafn mörg“ í grein 3.3.2 bætist „og jafn löng“

## Orlof starfsmanna án sveinsprófs

### 4. kafli um orlof breytist þannig

#### Inn komi ný grein 4.3.3:

Starfsmenn án sveinsprófs

Starfsmaður sem unnið hefur 5 ár í sama fyrirtæki eða 10 ár í sömu starfsgrein á rétt á orlofi í 25 daga og orlofslaunum sem nema 10,64%.

Starfsmaður sem unnið hefur 10 ár hjá sama fyrirtæki á rétt á orlofi í 30 daga og orlofslaunum sem nema 13,04%.

Starfsmaður sem hefur fengið aukinn orlofsrétt vegna starfa í sama fyrirtæki öðlast hann að nýju eftir 3 ár hjá nýjum atvinnurekanda, enda hafi rétturinn verið sannreyndur.

Orlofsréttur reiknast frá upphafi næsta orlofsárs eftir að ofangreindum starfstíma er náð.

Grein 4.3.2.4 verði grein 4.3.4 með fyrirsögninni „Orlofstaka“. Gr. 4.3.1.3 falli brott.

Fyrirsögn greinar 4.3.1. verði: „Starfsmenn með sveinspróf eða sambærilega menntun“

## Uppgjör launa og uppbóta

Við grein 12.2.1 bætist ný málsgrein sem orðist svo:

Um uppgjör desemberuppbótar, orlofsuppbótar, frítökuréttar og orlofslauna við starfslok fer skv. gr. 1.1.4.1, 1.1.4.2, 2.8.2 og 4.1.4.

### Bókanir

#### Bókun vegna pípulagningamanna

Sveinafélag pípulagningamanna sameinaðist FIT 1. janúar 2008 og tók Samiðn þá yfir kjarasamning félagsins. Samkomulag er um að frá og með gildistöku þessa kjarasamnings falli kjarasamningur Sveinafélags pípulagningamanna niður og gildir frá þeim tíma almennur kjarasamningur Samiðnar fyrir alla pípulagningamenn innan Samiðnar. Jafnframt verði verkfæralisti í kjarasamningi FP og Sveinafélags pípulagningamanna hluti samnings þessa. Brottfall sérstaks kjarasamnings pípulagningamanna breytir ekki framkvæmd greiðslna fyrir óunna helgidaga hjá pípulagningamönnum.

#### Bókun vegna múrara

Múrarafélag Reykjavíkur sameinaðist FIT 1. janúar 2009 og tók Samiðn þá yfir kjarasamning félagsins. Samkomulag er um að frá og með gildistöku þessa kjarasamnings falli kjarasamningur Múrarafélags Reykjavíkur niður og gildir frá þeim tíma almennur kjarasamningur Samiðnar fyrir alla múrara innan Samiðnar. Brottfall sérstaks kjarasamnings múrara breytir ekki framkvæmd greiðslna fyrir óunna helgidaga hjá múrurum.

#### Bókun um gerð kjarasamnings milli SA og Samiðnar um störf snyrtifræðinga

Aðilar eru sammála um að ganga til samninga um gerð kjarasamnings vegna snyrtifræðinga. Byggt verði á kjarasamningi SA vegna hársnyrtisveina að teknu tilliti til sérstöðu snyrtifræðinga og vinnuveitenda þeirra.

#### Bókun vegna bílgreina

Í bókun frá 2008 breytist lokamálsliður og orðist svo: Á samningstímabilinu frá 1. júní 2011 greiðist sérstakt 0,3% viðbótargjald og verður því fagmenntagjald í bílgreinum samtals 0,7% á tímabilinu.

#### Bókun um eflingu iðngreina

Samningsaðilar eru sammála um að taka upp sérstakt samstarf í því skyni að efla iðngreinar og bæta ímynd þeirra með það að markmiði að laða ungt fólk inn í iðngreinar. Jafnframt verði unnið að því að bæta vinnuumhverfi, kynna kosti hvatakerfa sem bætt geta hag starfsfólks og fyrirtækja og efla hæfi starfsfólks með áframhaldandi samstarfi um menntamál iðngreina. Viðeigandi starfshópar munu taka til starfa í september 2011.

#### Bókun vegna hádegishlé um helgar

Með samningi þessum er kveðið á um einnar klst. hádegishlé um helgar sem greiða ber sem vinnutíma. Á vinnustöðum þar sem hádegishlé um helgar hafa verið stytta í ½ klst. eru dæmi um að vinnuveitandi leggi til hádegisverð í stað greiðslu yfirvinnukaups vegna styttingar hádegishlés. Samningsaðilar gera ekki athugasemdir við það fyrirkomulag.

## Samiðn – launaflokkar 2011-2013

### Launaflokkur 1. Iðnaðarmenn með sveinspróf eða sambærilega menntun

	<b>1.6.2011</b>	<b>1.2.2012</b>	<b>1.2.2013</b>
Byrjunarlaun	247.555	258.555	269.555
Eftir 1 ár	254.366	265.366	276.366
Eftir 3 ár	259.704	270.704	281.704
Eftir 5 ár	265.202	276.202	287.202
Eftir 7 ár	270.771	281.771	292.771

### Iðnaðarmaður með a.m.k. 5 ára sveinspróf og meistararéttindi eða með tvöfalt sveinspróf sem bæði nýtast í starfinu

	<b>1.6.2011</b>	<b>1.2.2012</b>	<b>1.2.2013</b>
Laun	283.000	294.000	305.000

### Launaflokkur 2. Iðnaðarmaður 2.

	<b>1.6.2011</b>	<b>1.2.2012</b>	<b>1.2.2013</b>
Byrjunarlaun	224.000	235.000	246.000
Eftir 1 ár	230.129	241.129	252.129

### Sérhæfðir aðstoðarmenn í iðnaðarstörfum með mikla faglega reynslu í iðngreininni

	<b>1.6.2011</b>	<b>1.2.2012</b>	<b>1.2.2013</b>
Byrjunarlaun	183.618	194.618	205.618
Eftir 1 ár	184.754	195.754	206.754
Eftir 3 ár	187.027	198.027	209.027
Eftir 5 ár	189.299	200.299	211.299

### Starfsþjálfunarnemar

	<b>1.6.2011</b>	<b>1.2.2012</b>	<b>1.2.2013</b>
Fyrstu 12 vikurnar	163.532	174.532	185.532
Næstu 12 vikur	174.872	185.872	196.872
Eftir 24 vikur	186.215	197.215	208.215